



## Útgefandi

Ríkislögreglustjóri

[www.logreglan.is](#)

[www.almannavarnir.is](#)

## Ritstjórn

Helena Rós Sturludóttir og Marín Þórsdóttir

Sviðsstjórar og deildarstjórar hjá

ríkislögreglustjóra tóku saman efnið

## Útgefið

Júní 2024



**RLS**

| Ríkislögreglustjóri

# Ríkislögreglustjóri

Ársskýrsla 2020

Starfsemi og rekstur

# Efnisyfirlit

<b>Ríkislögreglustjóri</b>	<b>5</b>
<b>Rekstur embættis ríkislögreglustjóra</b>	<b>6</b>
Starfsfólk ríkislögreglustjóra	6
Bílafloti lögreglunnar	9
<b>Yfirlit yfir verkefni RLS 2020</b>	<b>10</b>
Almannavarnadeild	10
Fjarskiptamiðstöð	12
Greiningardeild	13
Sérsveit	14
Öryggismáladeild	14
Stoðdeild	15
Alþjóðadeild og landamæradeild	16
Tölvudeild	18
Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu	19
Skjalastýring og móttaka	21
Rannsóknir og þróun	21
Tölur úr málaskrárkerfi lögreglu	22

## Ríkislögreglustjóri

Embætti ríkislögreglustjóra hefur frá upphafi verið falið að byggja upp margvíslega starfsemi í löggæslu og á sviði öryggismála og ekki síst almannavarna. Verkefni almannavarna náðu nýjum hæðum á árinu með heimsfaraldri kórónuveirunnar sem litaði starfsemina og hafði áhrif á allt samfélagið í heild sinni.

Þann 1. janúar hóf Kjartan Þorkelsson formlega störf sem settur ríkislögreglustjóri eftir að Haraldur Johannessen lét af störfum í lok árs 2019. Auk Kjartans tók Margrét Kristín Pálsdóttir við sem aðstoðarríkislögreglustjóri og Víðir Reynisson sem yfirlögregluþjónn á sama tímabili og var honum falið að leiða greiningarvinnu á verkefnum embættisins í samvinnu við dómsmálaráðuneytið. Þeirri vinnu var ætlað að leggja grunn að ákvörðunum og skipulagi fyrir nýjan ríkislögreglustjóra þegar hann tæki til starfa.

Nýtt lögregluráð tók til starfa 1. janúar undir formennsku ríkislögreglustjóra þar sem allir lögreglustjórar landsins eiga sæti. Markmið ráðsins er að auka samvinnu og samráð innan löggæslunnar og hafa formlegan samráðsvettvang lögreglustjóra.

Almannavarnarmálin tóku sinn toll á árinu þar sem unnið var á óvissustigi vegna kórónuveirufaraldursins, jarðskjálfta og landriss á Reykjanesi og snjóflóða á Flateyri og Súgandafirði. Fjölsóttur íbúafundur var haldinn í Grindavík 27. janúar og almannavarnir voru áfram á óvissustigi vegna jarðhræringa og kórónuveirunnar. Smitum tók að fjölga í mars og biðluðu landlæknir, sóttvarnalæknir og almannavarnir til heilbrigðisstarfsfólks, sem og annarra, að fresta öllum utanlandsferðum eftir því sem kostur væri á meðan umfang faraldursins skýrðist. Beiðnin var sett fram til að mæta álagi á heilbrigðiskerfið sem vofði yfir.

Starfsfólk almannavarnardeildar var við störf dag og nótt til að tryggja samhæfingu og samræmingu allra þeirra aðila sem að verkefninu komu. Haldinn var fjöldi funda og unnið að fjölmörgum viðbragðsáætlanum, auk þess var mikið og gott samstarf RLS við landlækni, sóttvarnalækni og fjölmargar stofnanir. Var það samstarf allt til fyrirmyndar. Víðir Reynisson var ráðinn áfram verkefnastjóri vegna faraldursins og hafði hann yfirumsjón með verkefnum embættisins vegna hans.

Þann 16. mars tók undirrituð, Sigríður Björk Guðjónsdóttir, við störfum embættis ríkislögreglustjóra ásamt nýrri yfirstjórn sem eru þeir Jón Bjartmarz, Víðir Reynisson, Sveinn Bragason, Halldór Halldórsson, Ólafur Örn Bragason, Jón Pétur Jónsson og Arinbjörn Snorrason, formaður lögreglufélags Reykjavíkur. Stjórnin fundaði daglega alla virka daga. Áhersla ríkislögreglustjóra var og er á þjónustu við samfélagið og að efla lögregluna í landinu í samræmi við þróun og áskoranir hverju sinni.

Verkefni vegna heimsfaraldurs tóku mikinn tíma hjá allflestum starfsmönnum embættisins, en samhliða voru ýmis önnur verkefni unnin af embættinu á árinu. Starfsmannamál voru þar meðal annars ofarlega á baugi. Ríkislögreglustjóri var skipaður í aðgerðarteymi gegn heimilisofbeldi og ofbeldi gegn börnum á tímum Covid-19 ásamt Eygló Harðardóttur. Aðgerðarteymið lagði meðal annars til að stafrænum vef yrði komið á laggirnar og varslaður hjá Neyðarlínunni. Með því móti yrði aðstoð og stuðningur vegna heimilisofbeldis og ofbeldis gegn börnum aðgengilegur á sérstöku vefsvæði sem geymi alhliða upplýsingar um ofbeldi, þjónustu og úrræði. Auk þess var aðgengi íbúa á landsbyggðinni vegna heimilisofbeldis styrkt og ráðist í vitundarvakningu til að sporna gegn ofbeldi.


Þeim Kjartani Þorkelssyni og Margréti Kristínu Pálsdóttur eru þökkuð góð störf í þágu embættisins en Víðir Reynisson var ráðinn til að stýra almannavarnadeild embættisins og sinnti því störfum áfram í þágu þess.

**Sigríður Björk Guðjónsdóttir**

## Rekstur embættis ríkislögreglustjóra


### Starfsfólk ríkislögreglustjóra

Í lok árs 2020 voru starfsmenn embættis ríkislögreglustjóra 158 talsins, þar af voru 113 lögreglumenn og 45 borgaralegir starfsmenn og voru kynjahlutföll 79% karlar og 21% konur (samanborið við árið 2019 voru starfsmenn 139, 108 lögreglumenn og 31 borgaralegur starfsmaður – þar af 22 konur og 117 karlar).




Á haustmánuðum 2020 var nýtt skipurit embættisins undirritað. Í nýju skipuriti var gamla skipulagið einfaldað til muna. Ríkislögreglustjóri fer með stjórn og undir honum er skrifstofa ríkislögreglustjóra. Sex undirsvið eru: þjónustusvið, almannavarnir, alþjóðasvið, mannauðs-, menntunar- og þjálfunarsvið, öryggismálasvið og landamærasvið.

### Skipurit frá 2017



## Skipurit frá 2020



Tilgangurinn með breytingunum er að gera embættið nútímalegra, opnara, gegnsærra og skilvirkara. Fyrst og fremst er markmiðið að embætti ríkislögreglustjóra verði þjónustustofnun í stað gamaldags valdastofnunar. Það krefst breytinga á skipulagi, áherslum og menningu; sú vinna fór fram í samræmi við gildandi löggæsluáætlun og var aðferðafræði LEAN og BI nýtt til stuðnings þessu verkefni sem og öðrum úrbótum.

Mannauðsmál voru ofarlega á baugi og var gerður samningur við Attentus um ráðgjöf í mannaúðsmálum til sex mánaða um vorið. Lögð var áhersla á að hlúa að starfsfólki embættisins sem var áskorun á tímum kórónuveirunnar og hefur sennilega sjaldan eða aldrei verið mikilvægara. Workplace var opnað fyrir starfsfólk embættisins til að auðvelda samskipti og samtöl fyrir starfsfólk lögreglu.

### Löggluráð

Nýtt löggluráð tók til starfa 1. janúar 2020 undir formennsku ríkislögreglustjóra þar sem sæti eiga allir lögglustjórar landsins. Markmiðið er að auka samvinnu og samráð innan löggæslunnar og er hér um að ræða formlegan samráðsvettvang lögglustjóra sem m.a. skal tryggja hæfni lögglu til að takast sameiginlega á við þær áskoranir sem staðið er frammi fyrir hverju sinni. Þegar litið er til nágrannaþjóðanna má almennt segja að skipulagsbreytingar hjá lögglu hafi miðað að því að sameina lögglu í eitt lið, styrkja embætti ríkislögreglustjóra sem yfirstjórnunarvalds og efla faglega getu og bolmagn færri en stærri löggluumdæma. Annast ríkislögglustjóri m.a. árangursstjórnun og fjárflettingar til þeirra löggæslueininga sem heyra undir embættið, þ.m.t. fagdeilda, undirstofnana og löggluumdæma, auk þess að fara með ákveðin

verkefni á landsvísu sem krefjast miðstýringar og samhæfingar. Jafnframt er lögð áhersla á að skýra valdheimildir og ábyrgðarsvið ríkislögreglustjóra gagnvart ráðherrum og ríkisstjórn. Fyrsti fundur hins nýja lögregluráðs var haldinn fimmtudaginn 30. janúar, dómsmálaráðherra ávarpaði fundinn og kynnt voru drög að reglum fyrir ráðið.

### **Persónuverndarfulltrúi**

Hrafnhildur Hjaltadóttir tók til starfa sem persónuverndarfulltrúi lögreglu, ákærvalds og Fangelsismálastofnunar. Persónuverndarfulltrúi hefur eftirlit með því að farið sé að gildandi lögum og reglum um persónuvernd, veitir ráðgjöf og er tengiliður við einstaklinga og Persónuvernd.

### **Yfirlögfræðingur**

Helgi Valberg Jenson tók til starfa sem aðallögfræðingur RLS þann 15. júlí og verður staðgengill ríkislögreglustjóra.

### **Jafnlaunastefna**

Jafnlaunastefna embættis ríkislögreglustjóra var birt á Workplace og innri vef RLS þann 1. september. Yfirstjórn RLS hefur tekið í notkun mælaborð sem sýnir launamun kynja í hverri launaútborgun en nokkur munur heildarlauna er hjá RLS. Sneið kvenna af launakökunni er minni en sneiðin í kynjakökunni, munurinn var um 12% eða 110 þ.kr. á stöðugildi í ágúst. Jafnlaunahópi RLS var falið að vinna að því í samstarfi við ráðgjafa að fá jafnlaunavottun fyrir embættið.

### **Workplace**

Workplace var opnað fyrir allt starfsfólk RLS og er hugsað sem samfélagsmiðill til að auðvelda samskipti og samtöl og hefur eingöngu starfsfólk lögreglu þar aðgang. Teams verður notað sem eins konar verkefnaborð.



## Bílafloti lögreglunnar

Bílamiðstöð ríkislögreglustjóra var lögð niður þann 5. júlí 2019 samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðuneytisins en hún hafði þá verið starfrækt frá árinu 2000 og hafði með höndum samrekstur bílaflota allra lögregluembættanna. Skilanefnd á vegum ráðuneytisins var falið að gera fjárhagslegt uppgjör á bílamiðstöðinni og eignum hennar en nefndin tók aldrei til starfa.

Embætti ríkislögreglustjóra færði öll ökutæki lögreglu sem skráð höfðu verið hjá ríkislögreglustjóra til lögregluembættanna í byrjun árs 2020 og frá 1. janúar 2020 voru öll ökutæki lögreglu á ábyrgð viðkomandi lögregluembætta en engu að síður var talið mikilvægt að tryggja samræmingu ökutækja, nýkaup og rekstur búnaðar.

Ráðuneytið hafði lagt áherslu á að koma á nýju fyrirkomulagi til að tryggja að bílaflotinn nýttist sem best en ökutæki lögreglu hafa verið stór kostnaðarliður í rekstri embættanna. Að mati ríkislögreglustjóra ætti því hlutverk embættisins að vera eftirfarandi:

- Ríkislögreglustjóri ber ábyrgð á reglulegu eftirliti með lögreglubifreiðum, tækjum þeirra og búnaði
- Ríkislögreglustjóri er tengiliður við Ríkiskaup um rammamninga vegna ökutækja lögreglu
- Ríkislögreglustjóri aðstoðar lögregluembættin varðandi samræmingu um ökutæki og búnað þeirra
- Ríkislögreglustjóri leiðir starfshóp lögreglunnar um ökutæki og búnað þeirra
- Ríkislögreglustjóri heldur utan um akstur allra ökutækja lögreglu vegna löggæsluáætlunar

Ríkislögreglustjóri skipaði starfshóp um ökutæki lögreglunnar með fulltrúum allra lögregluembætta. Hlutverk starfshópsins er að tryggja að allir séu að vinna með hag lögreglunnar að leiðarljósi og vinna með Ríkiskaupum að gerð rammamnings um langtímaleigu á bílaleigubílum, en flestir lögreglustórar eru þeirrar skoðunar að rekstrarleiguformið sé heppilegt eins og staðan er og er útboð hugsað til fimm ára.

Engar hindranir eiga að vera í vegi fyrir bifreiðakaupum hjá þeim embættum sem það kjósa og því er um blandaða leið að ræða. Starfshópurinn telur að öryggissjónarmiðum megi fullnægja með leigu en kaup hafa verið annmörkum háð m.a. vegna reglna um afskriftir og eignaskráningar í bókhaldi.

## Yfirlit yfir verkefni RLS 2020

### Almannavarnadeild

Alvarlegir atburðir af völdum náttúrunnar eða af mannavöldum gera jafnan ekki boð á undan sér og geta haft viðtækar afleiðingar í för með sér fyrir íbúa í nærumhverfi og samfélagið í heild. Liður í þjálfun og æfingum viðbragðsaðila almannavarna er að líkja eftir atburðum sem gætu átt sér stað og bregðast við þeim eins og um raunverulegan atburð væri að ræða.

Almannavarnir voru í kastljósinu á árinu. Í upphafi árs litaðist starf deildarinnar af vinnu í kringum snjóflóð og þá hættu sem skapaðist vegna þeirra. Samhæfingarstöð var virkjuð vegna þriggja snjóflóða á Vestfjörðum og almannavarnastig var fært af óvissustigi á neyðarstig vegna snjóflóða á Flateyri og á Súgandafirði. Íbúafundir voru haldnir á Ísafirði og í Súðavík vegna snjóflóðanna. Þá var hópslysaáætlun virkjuð á Suðurlandi vegna alvarlegs bílslyss á Skeiðarársandi þar sem níu erlendir ferðamenn áttu í hlut.

Jarðhræringar á Reykjanesskaga og í Grímsvötnum gerðu vart við sig með reglulegu millibili allt árið og vísindaráð almannavarna fundaði jafnt og þétt yfir árið. Þann 26. janúar lýsti ríkislögreglustjóri í samráði við lögreglustjóran á Suðurnesjum yfir óvissustigi almannavarna vegna landriss vestan við fjallið Þorbjörn á Reykjanesi. Daginn eftir, 27. janúar, lýsti ríkislögreglustjóri í samráði við sóttvarnalækni og embætti landlæknis yfir óvissustigi almannavarna vegna kórónaveiru. Ekkert smit hafði verið staðfest hér á landi en fregnir um faraldur í Kína höfðu borist.





Í lok febrúar var haldinn stöðufundur í samhæfingarstöðinni vegna Covid-19 þar sem staðfestum tilfellum utan Kína hafði fjölgað mikið dagana á undan og sóttvarnalæknir varaði við ástæðulausum ferðalögum til ýmissa landa, segja má að þetta hafi verið upphafið að því sem koma skyldi.

Ferðatakmarkanir til og frá landinu voru sífellt í skoðun á árinu og fyrsta staðfesta tilfelli Covid-19 greindist á Íslandi 28. febrúar og var hættustig almannavarna þá virkjað. Boðað var til fyrsta af mjög mörgum blaðamannafundum í samhæfingarstöð almannavarna vegna Covid-19 tilfella.

Í marsmánuði fjölgaði smitum á Íslandi verulega og nýr veruleiki blasti við landsmönnum. Fundum almannavarna fjölgaði og var hið svokallaða þríeyki með Víði Reynisson í fararbroddi daglegir gestir á skjáum landsmanna næstu misserin. Ríkislögreglustjóri lýsti yfir neyðarstigi almannavarna í samstarfi við sóttvarnalækni vegna Covid-19 þann 6. mars og fyrsta samkomubannið var kynnt af ríkisstjórn Íslands og tók það gildi 16. mars. Máttu þá einungis 20 manns koma saman og voru það ströngustu takmarkanirnar sem giltu á árinu.

Fljótlega hóf ríkislögreglustjóri vinnu við að koma á fót bakvarðasveit lögreglunnar vegna faraldursins, var sú sveit skipuð einstaklingum sem uppfylltu hæfniskilyrði lögreglu. Tveimur mánuðum síðar var tilkynnt um tilslakanir og máttu þá allt að 50 manns og síðar 200 manns koma saman.

25. maí var neyðarstig almannavarna fært niður á hættustig. Um sumarið voru gerðar breytingar á sóttvarnaráðstöfunum vegna komu farþega til Íslands frá svæðum sem skilgreind voru sem áhættusvæði. Einstaklingar gátu valið um að fara í 14 daga sóttkví eða sýnatöku. Á þessum tíma voru enn frekari tilslakanir á samkomutakmörkunum og fóru þær úr 200 manns í 500. Um haustið voru takmarkanir aftur hertar og ríkislögreglustjóri lýsti á ný yfir neyðarstigi almannavarna þann 4. október.

Alvarlegir atburðir tengdir náttúruvá einkenndu síðustu daga ársins. Neyðarstig var sett á vegna hættu á aurskriðum á Seyðisfirði og Eskifirði og viðbragðsáætlun vegna mögulegs eldgoss við Grindavík var undirrituð af ríkislögreglustjóra, lögreglustjóranum á Suðurnesjum og bæjarstjóra Grindavíkur.

## Fjarskiptamiðstöð (FMR)


Ríkislögreglustjóri starfrækir fjarskiptamiðstöð (FMR), samkvæmt reglugerð 325/2005, sem þjónar öllu landinu. FMR er fyrsta viðbragð lögreglu. Starfsmenn FMR taka á móti símtölum og tilkynningum til lögreglu frá Neyðarlínunni (112), flokka verkefni, forgangsraða útköllum, annast útkallsstýringu alls útkallsliðs lögreglu á landinu og stýra fyrstu aðgerðum lögreglu á vettvangi. Mörg verkefni eru afgreidd hjá FMR og er lokið þar.

Aðstoðaryfirlögregluþjónn fer með daglega stjórn deildarinnar ásamt öðrum aðstoðaryfirlögregluþjónum og einum aðalvarðstjóra. Á hverri vakt er einn aðalvarðstjóri sem stjórnar og ber ábyrgð á hverri vakt. FMR er bakland útivinnandi lögreglumanna og veitir þeim ýmsa þjónustu, t.d. með uppflettingum í landskerfi lögreglunnar (LÖKE) og fleiri kerfum, ásamt því að koma öðrum mikilvægum upplýsingum á framfæri. FMR er hluti af fyrsta viðbragði almannavarna og er einnig mikilvægur hluti af áhöfn samhæfingarstöðvar almannavarna (SST).

Á þessu ári hófst innleiðing á flotastýringu fyrir lögreglu en það er tækni sem þjónustar lögreglumenn með rafrænar upplýsingar og mælir útkallsbraða lögreglu. Með þessari tækni fá lögreglumenn upplýsingar um verkefnið í síma lögreglutækisins. Þá hafa þeir allar upplýsingar tiltækar í símanum auk þess sem þeir geta bætt við sjálfir og deilt til allra sem eru að vinna í sama máli. Einnig hófst innleiðing á Incidentshare en það er forrit sem gerir tilkynnanda kleift að deila beint myndefni til FMR sem hægt er að miðla áfram til útivinnandi lögreglumanna.

Starfsemi FMR var verulega mörkuð af Covid-faraldrinum þetta árið og einkenndist af mikilli varnarbaráttu. Vegna mikilvægi starfseminnar var allt kapp lagt á að verja hana og minnka líkur á hópsmiti innan FMR. Liðinu var skipt upp í fjórar einingar sem fylgdust að og fólk fór ekki á milli eininga. Auk þess var varastöð tekin í gagnið á Krókhálsi í húsnæði MSL og helmingur liðsins mætti þar en hinn helmingurinn var í Skógarhlíð. Þessi ráðstöfun var ekki einföld og krafðist mikillar útsjónarsemi og lausnamiðaðs starfsfólks. Engin Covid-smit komu upp hjá FMR á þessum tíma.

Á árinu kom inn 84.071 símtal eða verkefni frá 112 (samkvæmt málaskrá 112 árið 2020) sem er lítið eitt hærra en árið á undan.



Fjöldi símtala sem flokkast sem lögregluverkefni og voru flutt frá Neyðarlínu til FMR á árunum 2018–2020

## Greiningardeild

Um hlutverk greiningardeildar ríkislögreglustjóra (GRD) er fjallað í lögreglulögum og í reglugerð 404/2007. Deildin er mönnuð bæði lögreglumönnum og öðrum sérfræðingum. Í stuttu máli má segja að meginhlutverk GRD sé að afla gagna og upplýsinga um þau málefni sem varðað geta almannaoýruggi og þjóðaröryggishagsmuni. Auk þessa ber GRD ábyrgð á rannsóknum mála þar sem grunur leikur á brotum á ákvæðum X. og XI. kafla almennra hegningarlaga.

Á grundvelli gagna og upplýsinga sem GRD getur aflað innan marka laga og reglugerða eru gerðar greiningar (intelligence) sem auðvelda ákvarðanatöku um löggjöf, stefnumótun og aðrar aðgerðir á sviði almanna- og þjóðaröryggis. Mikil áhersla er lögð á að sannreyna gögn og upplýsingar, setja í samhengi og leggja traustar greiningar fram til rétttra viðtakenda á réttum tíma. Til að þetta megi takast þá er mikilvægt að eiga gott samstarf við lögregluembættin öll, aðrar löggæslustofnanir, ráðuneyti, þjóðaröryggisráð, innlendar stofnanir, fræðasamfélagið og einkafyrirtæki. Helstu afurðir sem GRD vinnur að og afhendir eru áhættumöt, stefnu- og aðgerðamiðaðar greiningar, minnisblöð, skýrslur og greinargerðir.

Árið 2020 var gefin út skýrsla um ofbeldi gegn fötluðum á Íslandi (logreglan.is). Skýrslan er unnin samkvæmt beiðni ríkislögreglustjóra og er henni ætlað að bregða ljósi á ofbeldi gegn fötluðum á Íslandi með það að markmiði að greiða fyrir stefnumörkun í málaflokknum.

Í skýrslunni kemur fram að alvarlegasta birtingarform mismununar og félagslegrar undirokunar fatlaðs fólks á Íslandi er ofbeldi af ýmsum toga. Fyrirliggjandi kannanir benda til þess að í meirihluta tilvika séu gerendur ofbeldis gagnvart fötluðu fólki ekki sóttir til saka, hvað þá dæmdir.

Helstu samstarfsaðilar greiningardeildar eru norrænar öryggisþjónustur, Europol og Interpol, vestrænar öryggisþjónustur og eftir atvikum alþjóðlegar stofnanir og fyrirtæki. Auk þess að sækja fundi erlendis sóttu sérfræðingar GRD margs konar námskeið og ráðstefnur í gegnum fjarfundabúnað. Það telst til kjarnastarfsemi GRD að fylgjast með alþjóðlegri þróun og breytingum á sviði hryðjuverka og skipulagðrar glæpastarfsemi.



## Sérsveit

Alls voru skráð 523 sérsveitarverkefni á árinu. Sérsveit ber skotvopn að staðaldri og sinnir þannig öllum verkefnum sveitarinnar vopnuð við störf sín.

Á árinu fór undirbúningsferli af stað vegna nýliðanámskeiðs sem var svo haldið síðar á árinu. Vegna heimsfaraldursins var lítið um hefðbundna þjálfun en tíminn var mikið nýttur í skrifborðsæfingar sem haldnar voru á TEAMS.

Mikil aukning átti sér stað í útköllum sérsveitar þar sem tilkynnt er um vopnaða einstaklinga eða hópa. Einna helst er um að ræða hnífa eða skotvopn. Á árinu bárust 308 útköll til sérsveitar vegna þessa sem er 52,5% aukning frá árinu 2019 þegar það voru 202 útköll.

Þá hafa tilkynningar um líkamstjón og manndráp aukist til muna samhliða tilkynningum um vopnaða einstaklinga og hópa og er það oft vegna beitingar vopna þegar einstaklingar eða hópar takast á. Á árinu bárust 39 tilkynningar vegna þessa sem er 117% aukning frá árinu 2019 þegar tilkynningar voru 18.

## Öryggismáladeild

Öryggismáladeild ríkislögreglustjóra hóf starfsemi 1. september 2019 og heyrir undir löggæslu- og öryggisvið. Öryggismáladeildin var stofnuð í framhaldi af samkomulagi sem embætti ríkislögreglustjóra og forsætisráðuneytið gerðu sín á milli og miðar samkomulagið að því sameiginlega markmiði að efla öryggi æðstu stjórnar ríkisins umtalsvert frá því sem verið hefur.

Samvinna sérsveitar og öryggismáladeildar í tengslum við ýmsar heimsóknir var mikil á árinu:

- **Heimsókn yfirmanns herstjórnar NATO (SACT) 16.–18. febrúar.**  
Sérsveit annaðist vopnaða lífvarðagæslu á ferðum og viðkomustöðum hershöfðingjans.
- **Heimsókn yfirmanns Norður-Evrópuhers NATO 9.–11. mars.**  
Sérsveit annaðist vopnaða lífvarðagæslu á ferðum og viðkomustöðum hershöfðingjans.
- **Dynamic Mongoose (NATO sjóæfing) 25.–29. júní.**  
Sprengjusérfræðingar sérsveitar og LHG önnuðust öryggisleitir við viðlegukant á Skarfabakka og sérsveit og LRH önnuðust vopnaða öryggisgæslu á Skarfabakka allan sólarhringinn.
- **Heimsókn ráðherra flughers Bandaríkjanna (SECAF) 23.–24. ágúst.**  
Sérsveit annaðist vopnaða lífvarðagæslu á ferðum og viðkomustöðum ráðherrans og LRH annaðist umferðarfylgdir. Sérsveit annaðist öryggisleit á gististað ráðherrans.

## Stoðdeild

Grunnstarfsemi stoðdeildar er að framkvæma fylgdir úr landi samkvæmt ákvörðunum Útlendingastofnunar. Verkefni deildarinnar eru helst brottflutningur fyrrum umsækjenda um alþjóðlega vernd sem ekki fara sjálfviljugir af landi brott, sem og fangaflutningar, framsöl og brottflutningur einstaklinga í ólögmætri dvöl.

Líkt og annars staðar í samfélaginu hafði Covid-19 veruleg áhrif á verkefni deildarinnar þar sem takmarkanir á ferðum milli landa voru miklar og því ekki hægt að framfylgja ákvörðunum Útlendingastofnunar líkt og gert var ráð fyrir. Á árinu störfuðu 11 manns hjá deildinni, 10 lögreglufulltrúar og einn sérfræðingur.

Deildin er í miklu og öflugum samstarfi við **Landamæra- og strandgæslustofnun Evrópu, Frontex**, og var hluti þeirra verkefna sem deildin starfaði að í samstarfi við þá stofnun. Þá sótti starfsmaður deildarinnar *Escort leader* námskeið hjá Frontex í Hollandi auk þess sem starfsmaður deildarinnar sinnti þjálfun fyrir stofnunina fyrir áður nefnt námskeið. Farnar voru þrjár ferðir í samstarfi við Frontex í lok árs, til Bangladess, Makedóníu og Albaníu.

Alls var 106 verkbeiðnum lokið á árinu og þar af var 60 þeirra lokið með fylgd úr landi, ýmist alla leið eða á millilendingarstað. Þá voru 77 beiðnir afturkallaðar og má rekja þann fjölda til tafa sem urðu vegna lokaðra landamæra víðs vegar um heiminn. Á bak við þær verkbeiðnir sem enda án fylgdar er töluverð vinna hjá deildinni sem ýmist felur í sér aðstoð við heimför eða að sjá til þess að viðkomandi fari af landi brott með fylgd inn í flugvél.

Lokin mál 2020			
	Með fylgd	Án fylgdar	Samtals
Brottvísun hælisleitenda/annarra	21	18	39
Dublin-mál	14	15	29
Vernd í öðru landi	3	1	4
Framsöl	5	1	6
Frávísun	15	11	26
Aðrir*	2	0	2
	<b>60</b>	<b>46</b>	<b>106</b>

\*Brottvísun fanga, ólögleg dvöl, EAW, ekki skráð, fangaflutningar, NAW

## Alþjóða- og landamæradeild

Landamæradeild ríkislögreglustjóra tók formlega til starfa í upphafi síðasta árs. Forsögu deildarinnar má rekja til úttektarskýrslu Evrópusambandsins um stöðu landamæravörslu og samþætta landamærastjórn á Íslandi frá árinu 2017. Í úttektarskýrslunni var bent á alvarlega veikleika í stjórnskipulagi málaflokksins hér á landi. Mannafla skorti til að framkvæmdin uppfyllti gæðakröfur, búnaður var ekki fullnægjandi, áhættu- og farpegalistagreining var ekki samkvæmt þeim stöðlum sem átti að vinna eftir og þjálfun og menntun starfsmanna uppfyllti ekki lágmarkskröfur. Til að bregðast við þessum tilmælum var unnið að aðgerðaáætlun innan dómsmálaráðuneytis þar sem tilgreindar voru aðgerðir í 120 liðum, þar á meðal stofnun sérstakrar landamæradeildar hjá ríkislögreglustjóra.

Landamæradeild gegndi veigamiklu hlutverki við samræmingu og innleiðingu á sóttvarnaaðgerðum á landamærum vegna heimsfaraldurs Covid-19; t.d. með reglulegum uppfærslum á verklagi og leiðbeiningum til framkvæmdaraðila sem og annarra hagsmunaaðila, s.s. flug- og skipafélaga, vegna ferðatakmarkana og sóttvarnarráðstafana. Ófyrirséð verkefni á borð við Covid-19 höfðu veruleg áhrif á starf deildarinnar á árinu.

Landamæradeild vinnur náið með öllum deildum innan embættisins og á í nánu samstarfi við öll lögregluembætti landsins, Landhelgisgæsluna, Skattinn/tollgæsluna og Útlendingastofnun. Þá er samstarf við önnur yfirvöld eftir þörfum, t.d. Þjóðskrá og Samgöngustofu. Í heimsfaraldri Covid-19 hafa innlent samstarf og stuttar boðleiðir verið mikilvægar sem aldrei fyrr, sem og mikið og gott samstarf við fjölmörg önnur yfirvöld, ekki síst heilbrigðisyfirvöld.

Helstu verkefni landamæradeildar eru eftirfarandi:

- 1. Samþætt landamærastjórn** (e. *integrated border management (IBM)*). Á grundvelli Schengen-samstarfsins ber Íslandi að innleiða sérstaka áætlun um samþætta landamærastjórn en um stefnumótun er að ræða sem er ætlað að skilgreina verkefni þeirra stjórnvalda sem koma að málefnum landamæra og samhæfa framkvæmd þeirra. Í janúar 2020 var birt fyrsta landsáætlunin um samþætta landamærastjórn 2019–2023 en stefnan var unnin af landamæradeild ríkislögreglustjóra í umboði dómsmálaráðuneytisins og í samstarfi við hagsmunaaðila. Samhliða stefnunni var lögð fram aðgerðaráætlun til 5 ára til að hringa markmiðum stefnunnar í framkvæmd.
- 2. Menntun og þjálfun í landamæramálefnum.** Landamæradeild hefur unnið markvisst að innleiðingu á grunn- og framhaldsnámi fyrir landamæraaverði byggt á kjarnanámsskrá (*Common Core Curriculum (CCC)*) Landamæraastofnunar Evrópu (Frontex) sem inniheldur samræmd hæfniviðmið fyrir landamæraaverði á landamærum Schengen-svæðisins. Það verkefni hefur verið unnið í nánu samstarfi við Mennta- og starfspróunarsetur lögreglunnar (MSL) og lögreglustjórnann á Suðurnesjum (LSS).
- 3. Áhættugreining CIRAM** (e. *Common Integrated Risk Analysis Model*). Landamæradeild hefur allt frá stofnun unnið markvisst að því að innleiða sameiginlegt áhættugreiningarsniðmát Schengen-samstarfsins (CIRAM). Á þeim grundvelli var stofnaður CIRAM-hópur sem landamæradeild er í forsvari fyrir en í hópunum eru jafnframt fulltrúar allra lögregluembættis landsins, Landhelgisgæslunnar, tollgæslunnar, Útlendingastofnunar og nokkurra deilda innan RLS. Hópurinn fundar mánaðarlega þar sem farið er yfir landamæratengd málefni. Ársfjórðungslega gefur landamæradeild út áhættumatsskýrslur



sem m.a. byggja á framlagi frá öllum lögregluumdæmum landsins, Landhelgisgæslu, tollgæslu og Útlendingastofnun. Skýrslurnar leggja grunn að mati á áhættustigi landamæraanna hverju sinni. Árlega gefur landamæraeild jafnframt út áhættumatsskýrslu sem byggir meðal annars á ársfjórðungsskýrslunum. Þá gefur landamæraeild reglulega út áhættuvísa fyrir framkvæmdaraðila sem byggja meðal annars á framlagi frá löggæslustofnunum erlendis og innanlands.

4. **Veikleikamat** (*Vulnerability Assessment (VA)*). Landamæraeild hefur frá stofnun deildarinnar borið ábyrgð á árlegu veikleikamati sem er ætlað að tryggja hátt gæðastig eftirlits á ytri landamærum og samræma landamæravörslu allra aðildarríkjana. Í þessu samhengi ber aðildarríkjum Schengen-samstarfsins skylda til að skila árlega inn til Frontex svörum við ítarlegum spurningalistum er varða fjármál, stöðu mönnunar, svo sem fjölda landamæravarða, menntun og sérfræðiþekkingu, landamæraeftirlit, landamæragæslu, uppfærslur viðbragðsáætlunar vegna yfirálags á landamærum, móttökukerfi umsækjenda um alþjóðlega vernd, glæpi þvert á landamæri, áhættugreiningu, auk upplýsinga um framlag Íslands til stöðuliðs Frontex (e. *standing corps*). Niðurstöður veikleikamatsins eru trúnaðarmál hvers ríkis og Frontex og í kjölfar matsins þurfa ríkin að bregðast við athugasemdum Frontex með aðgerðaáætlun sem er svo skilað inn til Frontex ársfjórðungslega þar til Frontex hefur samþykkt að aðgerðum sé lokið.
5. **Innleiðing nýrra Schengen-upplýsingakerfa** (e. *Smart Borders*). Eitt umfangsmesta hlutverk landamæraeildar undanfarin tvö ár hefur verið að leiða innleiðingu á nýjum upplýsingatækni kerfum Schengen-samstarfsins. Á árinu var gerður samningur við franska fyrirtækið IDEMIA um kaup á nýju alhliða landamæraakerfi og tryggð kaup á hug- og vélbúnaði fyrir allar skilgreindar landamærastöðvar til að mæta breyttum kröfum vegna innleiðingar hinna nýju kerfa og þá fyrst og fremst komu- og brottfarakerfis (EES).



## Tölvudeild

Tölvudeild ríkislögreglustjóra hefur umsjón með og ber ábyrgð á þróun, uppbyggingu og rekstri upplýsingakerfa lögreglunnar. Starfsmenn voru átta á árinu, þ.e. deildarstjóri, verkefnastjóri vegna Schengen-tölvukerfa og sex tæknimenn. Deildin hefur umsjón með tölvuneti og upplýsingatæknibúnaði allra lögregluembættanna nema lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, sem og Útlendingastofnunar, ríkissaksóknara og héraðssaksóknara.

Á neti lögreglunnar eru alls rúmlega 1.400 notendur á u.þ.b. 60 starfsstöðvum. Deildin sinnir jafnframt notendabjónustu við lögregluna á landsvísu, Útlendingastofnun, ríkissaksóknara og héraðssaksóknara. Virkjuð var gátt til að halda utan um og auðvelda uppfærslur, eftirlit og dreifingu á LÖKE smáforritinu.

Önnur hugbúnaðarþróun vegna upplýsingakerfa lögreglu er aðkeypt. Vinna við breytingar á SIS-kerfinu (Schengen Information System) hófst á árinu þar sem í nýrri reglugerð Evrópusambandsins voru ákvæði um auknar kröfur á aðildarríkin um vistun gagna, m.a. um vistun lífkenna (fingraför, lófaför og andlitsmyndir). Einnig var bætt við vistun lífkenna sem fengin eru á vettvangi glæps, vettvangsför sem og fleiri nýjum flokkum. Nýtt SIS recast-kerfi var í þróun á árinu.

Á árinu hófst innleiðingarferli á nýjum kerfum sem samþykkt höfðu verið af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Kerfin sem um ræðir eru: EES og ETIAS (European Travel Information and Authorisation System). Einnig hófst vinna við innleiðingu á þjónustum sem munu auðvelda samþættingu allra Schengen-kerfanna.

Samstarf var með landamæradeild og tollgæslunni um farþegagreiningarkerfi sem fékk vinnuheitid G2; í því fólst þarfagreining, samningagerð um skil flugfélaga á farþegalistum o.fl. Notkun á bandarísku kerfi fór í loftið á árinu.



## Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu MSL

### Sí- og sérmenntun á tímum Covid-19

Starfsemi Mennta- og starfsþróunarseturs lögreglu (MSL) árið 2020 litaðist af heimsfaraldri Covid-19. Útgefin fræðsludagskrá riðlaðist verulega af þeim sökum og þurfti að endurskipuleggja alla fræðslu með tilliti til aðstæðna. Með samstilltu átaki starfsfólks MSL og kennara tókst að stórum hluta að halda sjó og færa hluta þeirrar fræðslu er áætluð var í staðnámi og aðlaga hana rafrænu námskeiðahaldi.

Á árinu hófum við tvær nýjar námslínur (lengra nám): Stjórnendanám fyrir stjórnendur vakta í almennri löggæslu og Rannsóknir kynferðisbrota. Námslínur þessar samsvara 10 ECTS einingum. Vegna Covid-takmarkana þurfti að endurskoða staðlotur og færa í rafræna kennslu. En fyrsti hópur í Stjórnendanámi fyrir almenna löggæslu útskrifaðist í desember 2020. Í samvinnu við embætti lögreglustjórans á Norðurlandi vestra var haldið grunnnám fyrir stjórnendur fíkniefnaleitarhunda og útskrifuðust fimm lögreglumenn úr því námi.

Alls voru 34 viðburðir á árinu sem skipta má í sérhæfð námskeið, lengra nám, málþing, vinnustofur og þjálfunarstig lögreglu sem voru framkvæmd af sérsveit ríkislögreglustjóra. Í fyrsta skipti var hluti bóklegrar fræðslu þjálfunarstiga lögreglu kenndur rafrænt. Alls sóttu um 900 þátttakendur fræðslu á vegum MSL.

### Aðkoma erlendra sérfræðinga á árinu 2020

Þrátt fyrir miklar takmarkanir á þessu tímabili voru haldnir nokkrir viðburðir þar sem erlendir sérfræðingar miðluðu þekkingu sinni til lögreglunnar.

Í janúar var haldið árlegt námskeið og kynning á starfsemi Norrænna sambandsmanna lögreglu og tollgæslu (Politi og Toll i Norden) fyrir lögreglumenn, rannsóknarlögreglumenn og aðra starfsmenn lögreglu sem þurfa að þekkja til úrræða erlends lögreglusamstarfs. Hingað mættu átta sambandsmenn frá Politi og Toll og kynntu úrræði og möguleika til að styðja við lögreglusamvinnu og lögreglurannsóknir.

Í febrúar hélt MSL, í samvinnu við embætti lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og embætti lögreglustjórans á Norðurlandi eystra, vinnustofu um Intelligence Led Policing (ILP) á vegum Öryggisstofnunar Evrópu (ÖSE). Markmiðið var að auka færni og þekkingu lögreglunnar á sviði rannsókna á skipulagðri brotastarfsemi. Hingað komu 10 sérfræðingar á vegum ÖSE og kynntu aðferðarfræði ILP.

Í mars var haldin lota hér í MSL sem nemendur í stjórnendanámi hjá CEPOL-EU law and enforcement leadership development - Future leadership tóku hér á landi þar sem einn þátttakandinn kom úr íslenska lögregluliðinu.

Sérfræðingar í skýrslutökum frá Skotlandi og Bandaríkjunum, Wayne Thomas og Lorey Roukema, héldu fimm vikna leiðbeinendanámskeið í skýrslutökum af sakborningum (Subject Focused Interviewing). Námskeiðið var haldið rafrænt þar sem þau komust ekki hingað til lands vegna Covid, þetta var fyrri hluti námskeiðsins en seinni hluti þess er á dagskrá haustið 2021.

Hingað komu einnig sérfræðingar frá Twitter og Facebook og héldu fræðslu um samskipti lögreglu og þessara miðla.

### Námskeið á vegum CEPOL árið 2020

Löggæslumenntastofnun Evrópusambandsins (CEPOL) er miðlægt menntasetur fyrir starfsfólk lögreglu í löndum Evrópusambandsins. MSL gerði í árslok 2016 samning við CEPOL sem gerir starfsfólki lögreglunnar á Íslandi kleift að sækja sér námskeið og fræðslu. Námskeiðin eru bæði vefnámskeið og staðnámskeið sem haldin eru víðsvegar um Evrópu. Undanfarin ár hefur CEPOL lagt mikla áherslu á vefnámskeið þar sem starfsfólk lögreglu getur tekið þátt í fjölbreyttu framboði námskeiða á sinni starfsstöð. Þetta fyrirkomulag hentar einkar vel og eykur aðgengi lögreglunnar að sérhæfðum fræðslufyrirlesturum á vegum CEPOL. Á árinu 2020 nýttu margir starfsmenn lögreglu sér vefnámskeið CEPOL en vegna Covid-áðstæðna var einungis einn starfsmaður lögreglu sem sótti staðbundið námskeið á vegum CEPOL. Þátttakendur eða vinnustaðir þeirra þurfa að greiða fyrir ferðir og upphald þátttakenda en engin námskeiðsgjöld eru innheimt af CEPOL. Allar upplýsingar og námsframboð CEPOL er aðgengilegt á innri vef lögreglunnar og vefsíðu MSL. Tengiliðir aðildarlanda CEPOL funda tvisvar á ári í Búdapest, þar sem höfuðstöðvar CEPOL eru staðsettar, og sótti fulltrúi MSL þá fundi í apríl og rafrænan fund í október 2020.

### Nordcop og Nordplus


MSL, ásamt Háskólanum á Akureyri, er samstarfsaðili lögregluskólanna á Norðurlöndunum, undir formerkjum Nordcop. Samstarfið hefur staðið um langan tíma undir formerkjum samstarfs ríkislögreglustjóra Norðurlandanna og er fjármagnað af ríkislögreglustjórunum en hefur einnig verið styrkt af Nordplus. Samstarfið miðar að því að efla grunnám til starfsréttinda í lögreglustarfi með því að þróa sameiginlega námsþætti og námsefni, s.s. á sviði tölvubrota, aksturs með forgangi, aðgerðabjálfunar og landamæraeftirlits. Fulltrúi MSL í Nordcop-samstarfinu fundar með fulltrúum Norðurlandanna tvisvar á ári. Þá eru nemendaskipti mikilvægur þáttur í samstarfinu og árlega höfum við tekið á móti lögreglunum frá Norðurlöndunum en vegna Covid voru engin nemendaskipti þetta árið.

Haldinn var fjarfundur í september 2020 sem norski lögregluskólinn stýrði. Upphaflega var fundurinn á dagskrá í apríl en var frestað sökum Covid-19. Á fundinum var farið yfir helstu breytingar og nýjungar í náminu hjá hverju landi frá síðasta fundi. Fulltrúar lögreglumenntastofnananna fóru yfir hvernig gengið hafði að kenna og þjálfva lögreglunema á Covid-tímum. Fjallað var um aðild að AEPC (Association of European Police Colleges). Farið var yfir Nordcop-samstarfið og þau verkefni sem í gangi höfðu verið og hugmyndir ræddar um næstu verkefni og styrkumsóknir þeim tengdar til Nordplus.

## Skjalastýring og móttaka

Árið 2020 hófst annað rafræna skjalatímabilið í skjalavörslukerfinu GoPro Foris. Áhersla var lögð á að skila inn fyrstu rafrænu vörsluútgáfunni til Þjóðskjalasafns Íslands fyrir árin 2016–2019.

Heildarfjöldi mála fyrir árin 2018–2020 er 8.139 mál.



Það var áskorun að halda utan um og skrá öll skjöl tengd heimsfaraldrinum sem hófst þetta ár, Covid-19. Ákveðið var að bæta við málalykilinn undirflokkum „Covid-19“ til að auðvelda leit og aðgengi að skjölum í tengslum við faraldurinn.

## Rannsóknir og þróun

Embættið fylgist með þróun afbrota á landsvísu en tveir meginmælikvarðar eru notaðir til þess. Annars vegar er gerð ýmis konar greining á tölum úr málaskrárkerfi lögreglunnar (LÖKE). Hins vegar stendur embætti ríkislögreglustjóra í samvinnu við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu að gerð þolendakönnunar, þar sem reynsla almennings af afbrotum er könnuð og í hve miklum mæli brot eru tilkynnt til lögreglu. Í könnuninni var einnig spurt um viðhorf til lögreglu og öryggis tilfinningu landsmanna.

[Reynsla-landsmanna-af-afbrotum-og-oryggi-ibua-2020-spurt-2020.pdf \(logreglan.is\)](#)


[Viðhorf-til-logreglu-og-thjonustu-konnun-2020.pdf \(logreglan.is\)](#)

## Tölur úr málaskrárkerfi lögreglu

Ár hvert er gefin út skýrsla um afbrotatölfræði þar sem birtar eru staðfestar tölur um afbrot ársins á undan samkvæmt LÖKE. Bráðabirgðatölur eru birtar í byrjun hvers árs fyrir árið á undan, áður en skýrslan um staðfestar tölur er gefin út um mitt ár. Í báðum skýrslum eru birtar greiningar eftir helstu brotaflokkum.

Covid-19 faraldurinn setti mark sitt á afbrotatölfræði ársins 2020. Smit voru byrjuð að greinast í byrjun árs og um miðjan marsmánuð voru fyrstu samkomutakmarkanir settar á. Þannig einkenndu misstrangar og -langar samkomutakmarkanir allt árið.

Þrátt fyrir miklar samfélagslegar breytingar þá var fjöldi hegningarlagabrota á öllu landinu árið 2020 svipaður og árið á undan og um 6% fleiri en að meðaltali síðustu fimm ár á undan. Þetta kemur mögulega einhverjum á óvart en á meðan samkomutakmarkanir leiddu til færri tilkynninga um nauðganir þá fjölgaði á sama tíma tilkynningum um ofbeldisbrot þar sem um var að ræða heimilisofbeldi. Af þessu má sjá dæmi um það hvernig samfélagslegar aðstæður hverju sinni hafa áhrif á tíðni og eðli brota í samfélaginu.



Árið 2020 fjölgaði brotum gegn friðhelgi einkalífs einna mest miðað við meðalfjölda brota síðustu fimm árin á undan eða um 31%. Munaði þar mestu um brot gegn nálgunarbanni, en brotin voru 120 árið 2020 og 114% fleiri en meðaltal síðustu fimm ára á undan. Þá voru hótanir og húsbrot einnig fleiri (tilkynnt var um 570 hótanir og 363 húsbrot). Covid-19 faraldurinn setti mark sitt á árið 2020 og áhrif Covid-19 á þróun afbrota kom að einhverju leyti á óvart.

Ofbeldisbrotum fjölgaði um 8% miðað við meðaltal síðustu fimm ára á undan. Mest var fjölgunin í brotum er falla undir 218b, „endurtekið eða á alvarlegan hátt ógnað lífi eða heilsu fjölskyldumeðlims“ en þessi brotaflokkur var settur í lög árið 2016 (133 brot skráð 2020). Einnig voru stórfelldar líkamsárásir 37% fleiri (grein 218.2). Við nánari greiningu á ofbeldisbrotum mátti sjá að stærri hluti féll undir heimilisofbeldi miðað við fyrri ár. Vert er að nefna að árið 2020 var mikil umræða um mikilvægi þess að tilkynna heimilisofbeldi í kringum Covid-19 faraldurinn og hófst vitundarvakningaráttak í lok árs 2020 og getur það hafa haft áhrif á tíðni tilkynninga. Árið 2020 voru þrjú manndráp framín.



